

**Nd.**

## **368. Nefndarálit**

[205. mál]

um frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er annar þáttur þeirra ráðstafana sem boðaðar voru í skýrslu ríkisstjórnarinnar á þskj. 290.

Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir fást fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar ekki lagðar fram í einu lagi, heldur kýs ríkisstjórnin að leggja bráðabirgðaráðstafanir, sem boðaðar voru, fram í smáskömmtum.

Það er augljóst mál, að með slíkum vinnubrögðum, sem eru afar óvenjuleg, ef ekki einsdæmi, fá alþingismenn alls ekki tækifæri til umfjöllunar um hin þýðingarmestu mál í heild eins og nauðsynlegt er. Hraði nefndarstarfa verður að vera slíkur með tilliti til dagsetninga að þingmönnum gefst nánast enginn tími til skoðunar mála sem ríkisstjórnin hefur sjálf verið að bögglast með um langan tíma og leggur svo fyrir með þeim hætti að jafnvel er spurning um stjórnarskráratriði.

Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum er einn liðurinn í þeim „vísitöluleik“, sem ríkisstjórnin hefur frá upphafi stundað. Skömmu eftir að flutt er frv. og samþykkt um tollalækkun, sem þýðir 22 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð og lækkar framfærsluvísitöluna um 0.2—0.3%, er flutt frumvarp um tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem nemur að sagt er 54 millj. kr. tekjuaukningu og þurrkar út lækkunaráhrif fyrri ráðstöfunar.

Flutt er frumvarp um breytingu á nokkrum lögum (bandormur), sem hefur inni að halda ákvæði um nýjar skattaálögur með útgáfu reglugerða, þrátt fyrir skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar þar um, tollafgreiðslugjald svo og breytingu á launaskatti skv. væntanlegum reglugerðarákvæðum. Þá sýnist það afar slæm lagasetning þegar gerðar eru í slíku frv. (bandormi) breytingar á hverri einustu grein launaskattslaganna í stað þess að flytja sérstakt frv. þar um.

### **Tollafgreiðslugjald.**

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að hægt verði að taka upp hér á landi fyrirkomulag, sem víða tíðkast erlendis, m. a. í nágrannalöndum okkar, að veittur verði greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, sem nefndur hefur verið tollkrít.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál allra landsmanna sem leiðir til sparnaðar, hagræðingar og lægra vöruverðs, neytendum, innflutningsaðilum svo og hinu opinbera til hagsbóta.

Þegar nú hillir undir framgang þessa máls hyggst ríkisstjórnin gera slíka afgreiðslu að sérstökum gjaldstofni, ekki aðeins til að standa straum af þeim kostnaði, sem af því leiðir, heldur gerir þetta að nýjum tekjutolli fyrir ríkissjóð til þess að geta haldið áfram „vísitöluleik“ sínum.

Hér er dæminu snúið við. Í stað þess að heimila greiðslufrest á aðflutningsgjöldum til þess að ná fram lækkun á vöruverði er ætlað að leggja á nýjan tekjutoll og þar með hækka vöruverðið, að ekki sé talað um þá mismunun sem gerð er á innflutningi og innlendri framleiðslu skv. frv.

Að ætla að leggja á skatta skv. reglugerð eins og frv. gerir ráð fyrir, þegar ákvæði stjórnarskrárinnar er afar skýrt, „að skattar skulu lagðir á með lögum“, er Alþingi ósamboðið.

Að leggja til nýja tolla um leið og því er lýst yfir í greinargerð, að menn hafi enn ekki kannað hvort það sé samrýmanlegt þeim samningum sem við höfum gert við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu, sýnir hvernig öllum undirbúningi þessa máls er háttað.

Að leggja til nýja tolla án þess að gera nokkra grein fyrir því, hvort slíkt samrýmist þeim tollasamningum sem við höfum gert eða ekki, eru vinnubrögð sem ekki á að þola.

#### **Launaskattur.**

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar er sagt að launaskattur skuli lækkaður úr 3.5% í 2.5% í iðnaði og fiskvinnslu. Þegar svo frv. er lagt fram kemur í ljós að ekki skal staðið við þá yfirlýsingu að fullu. Dregið er úr vegna „vísitöluleiksins“ og lagt til að það sé gert með reglugerð. Þessu til viðbótar eru svo viðurlög við vanskilum þyngd að mun og sjálfsagt reiknað með þeim tekjuauka þar að ríkissjóður sleppi skaðlaus frá launaskattslækkuninni.

Sjálfsagt er að þeir, sem ekki greiða þá skatta sem þeim ber, greiði dráttarvexti. Það á hins vegar ekki að verða tekjulind fyrir ríkissjóð þegar dregst að greiða launaskattinn hjá atvinnurekstrinum sem allir vita að er afar illa í stakk búinn og hefur verið það að undanfögnu, m. a. vegna úrræðaleysis ríkisstjórnarinnar.

Pau viðurlög, sem hér er ætlað að lögfesta, eru ekki í neinu samræmi við önnur viðurlög í landinu þegar um vanskil á fjárkröfum er að ræða.

Það er ljóst, að mismunandi hár launaskattur er mjög varhugaverð skattastefna sem tvímælalaust verður erfið í framkvæmd.

Sjálfsagt hefði verið að ríkisstjórnin legði fram heildstætt frv. um launaskatt sem Alþingi hefði haft tækifæri til að tjá sig um.

#### **Stimpilgjald.**

Breyting er lagt til að gerð verði á lögum um stimpilgjald og gjöldin lækkuð vegna atvinnuveganna. Sýnist hér rétt að staðið.

#### **Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.**

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að umrætt gjald falli niður hinn 1. mars.

Þegar gjald þetta var lagt á var ljóst að því skyldi ekki ráðstafað til þess að aðstoða iðnaðinn og gera honum kleift að aðlaga sig betur erlendri samkeppni, heldur var því ætlað að renna í ríkissjóð. Það kemur og í ljós að það hefur gerst. Ríkisstjórnin hyggst áfram láta þær tekjur, sem af gjaldinu fást, renna í ríkissjóð í stað þess að veita því til iðnaðarins.

#### **Afstaða nefndarmanna.**

Undirritaðir fjárhags- og viðskiptanefndarmenn eru andvígir 1. og 2. gr. frv. Við leggjum til að þessar greinar verði felldar.

Við teljum að greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eigi að nota til þess að ná fram vöruverðslækkun, en ekki verða tilefni fyrir ríkissjóð til nýrrar skattlagningar.

Verði þessar greinar hins vegar samþykktar munum við samþykkja breytingartillögu þá sem minni hluti nefndarinnar flytur við 2. gr. frv. svo og ákvæði til bráðabirgða I. Er þar gert ráð fyrir svipuðum greiðsluhætti og varðandi aðra tolla.

Við 3. gr. flytjum við breytingartillögu á þingskjali 369 og leggjum til í samræmi við það, sem að framan greinir, að launaskattur verði alfarið lækkaður úr 3.5% í 2.5%.

Verði sú tillaga ekki samþykkt er varatillaga okkar að launaskattur lækki á fiskverkun og hvers konar iðnaði úr 3.5% í 2.5%, þ.e. að tillaga Guðmundar G. Þórarinssonar á þskj. 356 verði samþykkt. Dragi þm. tillögunu til baka við 2. umræðu munum við taka hana upp og flytja og er þá miðað við að launaskattur verði 2.5% hjá öllum iðnaði, sem greiðir iðnlánasjóðsgjald, svo og kjöt- og mjólkuriðnaði.

Við styðjum þann hluta breytingartillögu minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar við 5. gr. frv., 1. tl., þar sem lagt er til að 25% álag á vangreiddan launaskatt falli niður, en erum andvígir breytingu á gjalddögum.

Við munum greiða atkvæði með 15. gr. frv., en erum andvígir 16. og 17. gr. frv.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Matthías Á. Mathiesen,  
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.

### Fylgiskjal I.

#### FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
Neðri deildar Alþingis.

19.02.1982

#### **Um frumvarp til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.**

Í framhaldi af fundi með fjárhags- og viðskiptanefndum í dag leyfi ég mér að ítreka eftirfarandi sjónarmið:

1. Félag íslenskra iðnrekenda telur að í 5. málsg. 1. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um gjald fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu, felist mikil mismunun, innlendri framleiðslu í óhag. Undantekningarlaust koma erlend aðföng til innlendirar framleiðslustarfsemi í mörgum sendingum og á mörgum aðflutningsskýrslum. Kostnaður vegna sérstaks tollafgreiðslugjalds mun því leggjast mun þyngra á innlendu framleiðsluna en innflutta samkeppnisvöru. Verði ákvæði þessarar málsgreinar framkvæmt eins og það er orðað, er ljóst að hagur margra iðnfyrirtækja af lækkun launaskatts mun hverfa eins og dögg fyrir sólu og samkeppnisstaða innlendu fyrirtækjanna verður verri en áður.
2. 5. málsg. 1. gr. mun einnig setja fyrirtæki, sem stunda útflutning, í mikinn vanda. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að tollafgreiðslugjald verði endurgreitt við útflutning, en slíkt ákvæði er nauðsynlegt.
3. Í 3. gr. er fjallað um lækkun á launaskatti í fiskverkun og í iðnaði og fagnar F.Í.I. þessu skrefi. Hugtakið útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur hins vegar um árabil verið umdeilt. Lengst af hafa stjórnvöld túlkað hugtakið afar þröngt og hafa samtök iðnaðarins ætíð andmælt þeirri skilgreiningu. Starfsskilyrðanefnd atvinnuveganna, sem lauk störfum nú fyrir skömmu, hefur gert tilraun til að skilgreina hugtakið samkeppnisiðnaður á nýjan hátt. Sýnist okkur þar tekið eðlilegt tillit til allra aðstæðna í dag. Þá bendum við á, að allt frá árinu 1963 hefur iðnlánasjóðsgjald verið lagt á iðnað landsmanna. Er okkur ekki kunnugt um að orðalag iðnlánasjóðslaganna hafi valdið neinum umtalsverðum erfiðleikum varðandi skilgreiningu á hugtakinu iðnaður.
4. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir mjög hertum viðurlögum vegna vanskila á launaskatti. Til viðbótar við 25% álag á vangreiddan launaskatt skal samkvæmt frumvarpinu greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti, sem nú eru 4,5%. Þessi viðurlög eru ekki í samræmi við önnur viðurlög í landinu þegar um vanskil á fjárkröfum er að ræða. Væri eðlilegra að viðurlögin væru annaðhvort 25% álag á vangreiddan launaskatt, eins og verið hefur, eða venjulegir dráttarvextir.

Virðingarfyllst,  
FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA  
Valur Valsson,  
framkvæmdastjóri.

## Fylgiskjal II.

TOLLVÖRUGEYMSLAN HF.  
Fjárhags- og viðskiptanefnd  
Alþingis.

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Í framhaldi af fundi með yður í morgun viljum vér taka fram eftirfarandi varðandi frumvarp til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum:

Í 2. gr. frumvarpsins og tölulið I í ákvæðum til bráðabirgða eru ákvæði þess efnis, að þegar heimild er veitt til þess að setja vörur í tollvöruheymislu skuli greiða gjald skv. 1. gr. frumvarpsins af vörusendingunni í heild þegar við tollafgreiðslu fyrstu úttekta úr tollvöruheymislu.

Við þessi ákvæði viljum vér gera þessar athugasemdir:

Tilgangur með rekstri tollvöruheymisla er geymsla á ótollafgreiddum vörum og vörum í eigu erlendra aðila (seljenda eða framleiðenda) og gera skiptingu og úttekt stærri vörusendinga mögulega eftir því sem þörf krefur.

Greiðsla aðflutningsgjalda af vörum, sem teknar eru úr tollvöruheymislu, fer og hefur farið fram við úttekt í samræmi við hverja úttektaþeigunni um hverja einingu.

Hliðstæður háttur er hafður á við almenna tollafgreiðslu utan tollvöruheymisla.

Næði umrædd málsgrein lagafrumvarpsins fram að ganga hefði það í för með sér að gjald af hugsanlega stórra vörusendingu yrði að greiða þegar við fyrstu úttekt, sem hugsanlega væri óverulegur hluti allrar sendingarinnar.

Raunhæft dæmi er geymsla á vélavaraahlutum fyrir ýmis atvinnutæki landsmanna, sem einungis eru geymdir í öryggisskyni í tollvöruheymislu, en einmitt í slíkum tilvikum getur fyrsta úttekt jafnvel verið fólgin í mjög verðlitlum einingum miðað við heildarverð allrar sendingarinnar, sem að meginstofni þarf e. t. v. aldrei að leysa út.

Í öðru lagi er það eitt hagræði tollvöruheymisla að vörur þaðan er unnt að endursenda eða afgreiða til annarra landa eða tollfrjálsra svæða án greiðslu aðflutningsgjalda.

Næði frumvarpið fram að ganga óbreytt mundi það valda erfiðleikum bæði fyrir tollvöruheymisla og tollstjóraembættið.

Eins og að framan er getið er það eitt af markmiðum tollvöruheymisla að auðvelda afgreiðslu smærri eininga, þannig að ef fallist yrði á að breyta frumvarpinu á þá leið, að gjaldtaka yrði við úttekt hverrar einingar, mundi þurfa að greiða grunn gjald af mörgum úttektum, sem hækka mundi vöruverð óeðlilega mikið.

**Niðurstaða vor er því sú að óska eftir því, að umræddu ákvæði frumvarpsins verði breytt á þá leið að tollafgreiðslugjald á vörur í tollvöruheymislu verði greitt við úttekt hverju sinni og án grunn gjalds skv. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.**

Vér höfum ekki fjallað um eða tekið afstöðu til gjaldtöku þessarar sem slíkrar.

Virðingarfyllst,  
pr. pr. Tollvöruheymisla h. f.  
Helgi K. Hjálmsón, framkvæmdastjóri.